

Umsókn um geymsluskúr

Sjá meðfylgjandi mynd til glöggvunar erindis...

Umsókn um lóðastækkun á Ásavegi 33 til austurs var samþykkt í fyrra (A). Langtíma sýn fyrir lóðina er teiknað upp á meðfylgjandi mynd. Við hjónin viljum gera þetta í skrefum og setja niður geymsluskúr (B) í suð-austur hluta, og pall með pott þar vestan megin við (C) og síðar þegar við höfum klárað teikningar og annað viðbót við húsið (D).

Óskað er eftir leyfi til að setja geymsluskúr undir stærðarmörkum á suðausturhluta lóðarinnar sbr. meðfylgjandi mynd (B – blái kassinn).

Það er ekki lóð, nágranni eða annað slíkt upp að lóðinni og þar sem þetta er í enda botnlangans og næsti “nágranni” er hraunbrekkan er ekki mikil hætta á neinu frekara skipulagi þarna. Í hverfinu er að finna byggingar sem ná lengra til austurs bæði í götum fyrir neðan og ofan og geymsluskúra í sambærilegri staðsetningu.

Þar sem Ásavegur er í halla upp að húsinu okkar kæmi skúrinn ekki í ljós þegar keyrt væri upp Ásaveginna fyrir en komið væri nánast að húsinu okkar. Þá mun pallurinn og potturinn sem við hyggjumst byggja næsta sumar vera fyrir “framan” skúrinn séð frá umferð sem keyrir upp götuna. Þá ná vesturmörk lóðar talsvert lengra til suðurs en staðsetning skúrsins. Götumyndin ætti því ekki að riðlast með tilkomu skúrsins.

Tryggvi Hjaltason

Guðný Sigurmundsdóttir

Viðauki: mynd af svæði

